

**Sp.**

**669. Nefndarálit**

[96. mál]

um till. til þál. um atvinnulýðræði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Með tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði er lagt til, að kosin verði 11 manna nefnd til þess að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn fyrirtækja, sem þeir starfa hjá. Tillaga þessi hefur tvíþættan tilgang, annars vegar að bæta aðstöðu launþega til áhrifa á sérhverjum vinnustað í atvinnulífi þjóðarinnar, hins vegar að flytja vald og ábyrgð frá hinum fáu til hinna mörgu.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er gerð mjög ýtarleg grein fyrir málinu, og geta undirritaðir nefndarmenn, sem telja, að hér sé hreyft mjög athyglisverðu og mikilsverðu máli, fallizt á þau rök, sem þar eru flutt.

Allsherjarnefnd bærust tvær umsagnir um þingsályktunartillöguna. Landssamband isl. útvegsmanna mælir gegn tillögunni, en í umsögn Alþýðusambands Íslands segir m. a.: „Það er grundvallarskoðun vor, að vinnuaflað eigi ekki síðri rétt til áhrifa á rekstur og stjórn atvinnufyrirtækja en fjármagnið.“

Undirritaðir nefndarmenn eru þessari skoðun sammála og mæla með því, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 7. maí 1969.

Geir Gunnarsson,  
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Jónas Jónsson.